

Kynbótahestur fyrir þriðja árið

Sama hross er notað í námskeiðunum *Þjálfun IV og Kynbótahross - Þjálfun og dómar*. Sem lokaverkefni KYD6304190 á nemandinn að sýna vel þjálfað kynbótahross, 5 eða 6 vetra gamalt. Verkefninu er stillt upp sem kynbótasýning. Nemandinn kemur með hestinn með sér í á seinni stuttönn haustannar, í seinni hluta námskeiðsins KYD6304190 (seinni stuttönn). Hesturinn skal vera a.m.k. 4 v. þegar *haustönn* hefst og ekki eldri en 5 v. (þ.e. á 6.v). Mælt er með að þyngd nemandans sé ekki meira en 30% af þyngd hestsins. Nemandinn þarf að framvísa dýralæknisvottorði um að hesturinn sé heilbrigður. Varast skal að koma með hest með sjúkrasögu af álagsmeiðslum.

Gæði

Gæði gangtegunda og hreyfinga sem og þjálfun hestsins mun hafa áhrif á framfarir nemandans og framvindu í náminu. Því betri sem hesturinn er, því meiri árangur næst. Hesturinn verður að vera gangsettur og búinn að ná jafnvægi á tölti í a.m.k. einum hraðaflokki og geta sýnt hinar gangtegundirnar (skeið valfrjálst). Mikilvægt er að engin gangtegund sé mjög léleg og ekki sé um alvarlegan misstyrk að ræða (t.d .að annað stökkið vanti). Hesturinn verður að geta náð að lágmarki einkunninni 8,0 fyrir tölt og fegurð í reið, eða vera líklegur til að ná því á námstímanum.

Þjálfunarstig

Hesturinn skal vera vel þjálfður, með grundvallaratriðin í lagi, þ.e. rólegur, stefnufastur, taktgóður og frjáls/sveigjanlegur. Hann kundi grunnábendingar, að víkja undan fæti og sé kominn með lágmarks skilning fyrir samspil ábendinga. Nemandinn verður að geta sýnt allar gangtegundir á hestinum.

Geðslag o.a.

Hesturinn má ekki vera með hegðunarvandamál svo sem slægð, leti, ofríki, tungubasl, hrekki, kergju, spennu eða hræðsluköst. Hann verður að vera rólegur í umgengni og samstarfsfús. Ekki má koma með ropara eða vefara.

Mat

Nemandanum er frjálst að senda myndband af hesti til umsjónarkennara (toti@holar.is) eða yfirreiðkennara (mette@holar.is) til að fá bráðabirgðamat á hestinn áður en námskeið hefst.

Þjálfun IV og Kynbótahross - Þjálfun og dómur

Athugið þá að nemandinn á sjálfur að vera knapi á hestinum, að hafa ekki tónlist undir myndbandinu og að láta allar upplýsingar fylgja, svo sem aldur, árangur o.s.frv. Áður en kennsla hefst mun einnig standa til boða að láta skoða hestinn á Hólum, að frumkvæði nemandans. Þegar námskeiðið hefst verður hesturinn svo metinn af umsjónarkennara hvort hann samþykkir hestinn í verkefnið.

Lánshestar

Af gefnu tilefni: Ef nemandinn er ekki eigandi hestsins sjálfur, er nauðsynlegt að nemandinn og eigandinn geri [samning um hest til láns](#) í náminu. Þetta á einnig við þó nemandi og eigandi séu í sömu fjölskyldu. Samningseyðublaðið er einnig aðgengilegt á holar.is.

Síðast endurskoðað júlí 2020.